

Landsvirkjun  
Albert Guðmundsson  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

2008100044  
6607; 9310

Reykjavík, 5. febrúar 2009  
/--

### **Efni: Rannsóknaboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun um rannsóknaboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Landsvirkjunar dags. 8. desember 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

#### **Rannsóknaboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi. Landsvirkjun. Desember 2008.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Skútustaðahrepps, Ferðamálastofu, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Skútustaðahreppi með bréfi dags. 20. janúar 2009, Ferðamálastofu með bréfi dags. 12. janúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 16. janúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. janúar 2009, Orkustofnun með bréfi dags. 13. janúar 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2009. Athugasemd barst með tölvupósti 14. janúar 2009 frá Ólafi H. Jónssyni og frá Samtökum ferðaþjónustunnar með bréfi 21. janúar 2009. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 26. janúar 2009.

#### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir

framlagða tillögu Landsvirkjunar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Landsvirkjunar dags. 26. janúar 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmd og starfsemi**

Í kafla 3.1. og 3.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að boraðar verði 3-4 rannsóknaholur á allt að þremur borteigum. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram á hvaða borteig fyrirhugað sé að bora 2 holur miðað við að gert sé ráð fyrir fjórum holum. Í kafla 3.3 um aðkomuslóðir kemur m.a. fram að styrkja þurfi núverandi vegslóð til norðurs í átt að fyrirhugðuðum borteig norðan Vítis. Í frummatsskýrslu þarf að koma fram á hve löngum kafla þurfi að styrkja slóðina og hvað felist í þeirri styrkingu.

### **Framkvæmdasvæði og kostir**

Skipulagsstofnun tekur undir það sem fram kemur í álit Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem er fylgiskjal með umsögn Umhverfisstofnunar, að mannvirki sem tengjast borteig 1 verði ekki staðsett nær Víti og tilheyrandi sprengigígum en 500 m og þarf það koma skýrt fram í frummatsskýrslu. Þá telur Skipulagsstofnun að gera þurfi grein fyrir mismunandi lagnaleiðum sem komi til greina frá borteignum ef verður að nýtingu.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi álit Náttúrufræðistofnunar Íslands fram: "*Í framlagðri matsáætlun Landsvirkjunar kemur fram að fyrirhugað sé að gera tvo borteiga um 200 m vestan við Hrafninnuhrygg en staðsetning er ekki skýrð nánar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óviðunandi að fara í slíka framkvæmd svo nálægt merkri jarðfræðimyndun og telur stofnunin að Hrafninnuhryggur þurfi helgunarsvæði sem er ekki minna en 500 m frá fjallsrótum*".

Í svörum Landsvirkjunar við umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram: "*Landsvirkjun mun athuga nánar staðsetningu borteiga 2 og 3 á Sandabotnafjall ...Ekki er ætlunin að setja fram mismunandi valkosti en hugsanlegt er að í frummatsskýrslu verði endurskoðuð staðsetning borteiga 2 og 3 í ljósi framangreindrar athugasemdar um nálægð teiganna við Hrafninnuhrygg*". Skipulagsstofnun vill taka undir það sem fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar varðandi valkosti og bendir á að eitt af markmiðum laga um mat á umhverfisáhrifum er að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda m.a. með því að skoða mismunandi valkosti. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir og leggja mat á þann valkost að staðsetja borteiga 2 og 3 í a.m.k. 500 m fjarlægð frá Hrafninnuhrygg og þá hugsanlega að beitt verði skáborunum til að afla þeirra upplýsinga um jarðhitakerfið og vinnslugetu þess sem sóst er eftir með borun beinna rannsóknahola á borteigum 2 og 3. Í þessu sambandi væri gerð grein fyrir þeim valkosti að bora frá þeim borteigum sem nú þegar eru til staðar, þ.e. borteigum K-17 og K-18. Þá telur Skipulagsstofnun eðlilegt að í matsferlinu verði skoðaðir valkostir varðandi aðkomuleið að borteignum m.t.t. þess að neikvæð sjónræn áhrif og áhrif á landslag verði sem minnst.

### **Skipulag og leyfi**

Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um stöðu skipulags og kemur fram að fyrirhugaðar

framkvæmdir kalli á breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 1996-2015. Bent er á að aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlana og telur Skipulagsstofnun æskilegt að frummatsskýrsla verði auglýst samhliða breytingunni og umhverfisskýrsla hennar. Gangi það ekki eftir þá leggur stofnunin áherslu á að framkvæmdaraðili og sveitarstjórn Skútustaðahrepps hafi samráð. Með því má fá fram betri samnýtingu gagna og upplýsinga og komast hjá tvíverknaði við matsvinnu.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í kafla 5.4.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um gróður. Í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar telur Skipulagsstofnun að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir núverandi reynslu af áhrifum vegna blásturs borhola og losun affallsvatns og borvatns á mosa. Hafi reynsla leitt í ljós neikvæð áhrif þarf að gera grein fyrir hvaða aðgerðir til mótvægis hafi verið útfærðar eða séu áætlaðar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í kafla 5.4.2 er fjallað um landslag. Skipulagsstofnun vill benda á að við mat á áhrifum á landslag þarf að horfa til gildis þess svæðis sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar á og þar þarf m.a. að leggja til grundvallar matinu það sem bent er á í umsögn Náttúrufræðistofnunar að bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafi lagt til að Hrafninnuhryggur verði friðaður. Þá vill Skipulagsstofnun benda á, m.a. í samræmi við umsögn Orkustofnunar, að í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir frágangi á borteigum ef holurnar koma ekki til með að nýtast sem vinnsluholur. Þar á Skipulagsstofnun við frágang sem miðar eins og kostur er að því að ummerki vegna borana verði í fjarlægð (aðflutt efni í borteiginn og borkjallari yrði fjarlægt) en að ekki verði einungis gert ráð fyrir hinum hefðbundna frágangi sem felst í um 3000 m<sup>2</sup> sléttuðu, malarbornu plani með kúluhúsi sem í mörgum tilfellum fellur illa að ásýnd svæðisins.

Í kafla 5.4.1 kemur fram að ferðamenn ættu ekki að verða fyrir meiri áhrifum en vegna núverandi vinnslu og þeirra rannsóknaborana sem í gangi eru og fram hafa farið undanfarin ár. Skipulagsstofnun telur þó að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram upplýsingar um hljóðstig á í nágrenni framkvæmdasvæðis borteigs 1, þ.m.t. á svæðinu við Víti, sem er einn fjölsóttasti ferðamannastaðurinn á Kröflusvæðinu og leggja mat á áhrif hávaða frá borholu í blæstri á ferðamenn, auk þess sem gerð verður grein fyrir og metin sjónræn áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Í því sambandi þarf að koma fram hvenær ársins fyrirhugað sé að bora og láta borholur blása.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna og athugasemda.

Afrit: Skútustaðahreppur, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Orkustofnun, Jónas Ketilsson, Umhverfisstofnun, Ólafur H. Jónsson, Samtök ferðapjónustunnar.

